

Lög

um breytingu á lögum nr. 61/2012, um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku o.fl.).

1. gr.

Í stað orðanna „forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála“ í a-lið 11. gr. laganna kemur: forsjár-, lögheimilis-, umgengnis- og dagsektarmála.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „forsjá, umgengni eða dagsektir“ í 1. efnismgr. kemur: forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför.
- b. Í stað orðanna „forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála“ í 2. efnismgr. kemur: forsjár-, lögheimilis-, umgengnis-, dagsektar- og aðfararmála.

3. gr.

Í stað orðanna „forsjá barns“ í 2., 5. og 7. efnismgr. 13. gr. laganna kemur: forsjá barns eða lögheimili.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 22. desember 2012.

